



Borgarráð

***Viljayfirlýsing um nýtt gróskumikið hugmyndahús og frumkvöðlasetur á svæði Vísindagarða HÍ***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að viljayfirlýsingu þar sem Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Vísindagarðar HÍ eru sammála um að greiða götu þess að nýsköpunar- og frumkvöðlasetur rísi á lóðum B og E á svæði Vísindagarða HÍ byggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar Gróska ehf. komi að uppbyggingu og rekstri hinna nýju mannvirkja. Unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðunum, þróun á forsögn og samgöngumat, ásamt því að haldin verði samkeppni um hönnun bygginga.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Viljayfirlýsing um hugmyndahús og frumkvöðlasetur á svæði Vísindagarða HÍ, drög.

## Viljayfirlýsing

### um nýtt gróskumikið hugmyndahús og frumkvöðlasetur á svæði Vísindagarða HÍ

Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Vísindagarðar Háskóla Íslands eru sammála um að greiða götu þess að nýtt og glæsilegt nýsköpunar- og frumkvöðlasetur rísi á lóðum B og E á svæði Vísindagarða byggt á fyrirmynd og hugmyndafræði Grósku hugmyndahúss. Gert er ráð fyrir að sömu aðilar Gróska ehf. komi að uppbyggingu og rekstri hinna nýju mannvirkja.

Reykjavíkurborg fellst á að Vísindagarðar HÍ láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem verði sett í hefðbundið samráðs og auglýsingaferli. Í tillögunni felist m.a. sameining lóða B og E til að ná markmiðum um samfelldan byggingareit neðanjarðar verði að ræða. Ofanjarðar haldi deiliskipulagið hins vegar uppbroti sínu og yfirbragði og gata og/eða göngusvæði verði milli húsa.

Aðilar eru sammála um að næstu skref verði:

- Próuð verði forsögn fyrir byggingar sem uppfylla þær kröfur sem Vísindagarðar, Gróska og Reykjavíkurborg gera.
- Sérstaklega verði hugað að skipulagslegum þáttum sem varða stærð bygginga, uppbot, tengingar og almenningsrými milli húsa og biðstöð Borgarlínu.
- Virkir ferðamátar verði í forgangi í allri útfærslu. Unnið verði samgöngumat sem taki mið af tilkomu Borgarlínu, áherslu á virka samgöngumáta og gjaldtöku á öllum bílastæðum á svæði Háskóla Íslands áður en stærð bílakjallara verði ákveðin.
- Haldin verði samkeppni um hönnun byggingarinnar í samstarfi Vísindagarða, Grósku og Arkitektafélags Íslands sem byggir á áður gerðri forsögn.
- Niðurstaða samkeppninnar liggi til grundvallar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðirnar.
- Að lokinni deiliskipulagsbreytingu munu Vísindagarðar Háskóla Íslands úthluta viðkomandi lóðum til Grósku á grundvelli samskonar lóðarleigusamnings og gildir um Bjargargötu 1.

Aðilar eru sammála um að hraða skipulagsvinnu og undirbúningi verkefnisins til að tryggja markvissan framgang þess.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Vísindagarða HÍ

F.h. Grósku ehf.